

Skýrsla hverfisnefndar Síðuhverfis fyrir starfsárið 2007 til 2008

Flutt á aðalfundi í maí 2008.

Góðir gestir

Hverfisnefnd Síðuhverfis var stofnuð í júní 2004 og er því að ljúka fjórða starfsári sínu á þessum fundi. Á síðasta aðalfundi voru kosin í stjórn Arne Vagn Olsen, formaður, Aðalheiður Bragadóttir, ritari, Elías Wium Guðmundsson, Gunnar Þór Gunnarsson og Hulda Sif Hermannsdóttir meðstjórnendur og til vara Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðný Björk Jónsdóttir og Kristján Tryggvason.

Nefndin hefur haldið 6 fundi frá síðasta aðalfundi. Þeirri vinnureglu að boða aðal- og varamenn á fundi hefur verið viðhaldið.

Nokkur mál hafa verið á borði nefndarinnar í vetur. Á síðasta aðalfundi var töluvert rætt um þá ákvörðun Akureyrarbæjar að hætta við uppsetningu sparkvallar í Síðuhverfi, þó að slíkir vellir hafi þá þegar við byggðir við alla aðra skóla bæjarins.

Hverfisnefnd Síðuhverfis tók höndum saman við foreldrafélag Síðuskóla, og sameiginlega áttu þessir aðilar fund með bærarstjóra þar sem óánægjan var látin í ljós. Til að gera langa sögu stutta breytti bærinn ákvörðun sinni og eins og flestir íbúar Síðuhverfis vita, er nú kominn sparkvöllur við Síðuskóla.

Annað mál sem tekið var á var lýsing við Rauða rólo. Hverfisnefndin beitti sér fyrir því veturinn 2006 til 2007 að aukin lýsing yrði sett upp, eftir ósk dagmæðra þessa efnis. Með bréfi frá Akureyrarbæ í desember 2006 var þetta samþykkt en um haustið 2007 bólaði enn ekki á henni, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir þessa efnis frá hverfisnefnd. Nefndin hélt áfram að þrýsta á framkvæmdir sem urðu loks að veruleika í kringum síðastliðin áramót.

Að frumkvæði nefndarinnar mætti Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags og byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar, á fund í nóvember þar sem farið var yfir fyrirhugaðar skipulagsbreytingar í hverfinu, nefndarmönnum til upplýsinga.

Að venju stóð nefndin fyrir þorablóti þar sem mættu um 40-50 manns. Sem fyrr var boðið upp á skemmtiatriði, leiki fyrir börn ásamt því að annáll Síðuhverfis var fluttur. Það er von okkar að þorablótið sé komið til að vera, og að mæting íbúa í framtíðinni verði jafnvel enn betri en hingað til.

Nefndin gaf út eitt fréttabréf í vetur – nánar tiltekið í febrúar. Helstu málefni voru fréttir af byggingu stúdentagarða við Kjalarsíðu auk minni fréttapunkta varðandi það sem helst er á döfinni í hverfinu. Fréttabréfinu er dreift á öll heimili í Síðuhverfi, alls um 1.000 eintök. Öll hönnun, efnisöflun og myndataka er sem fyrr unnið af nefndarmönnum.

Ekki er hægt að segja flytja skýrslu hverfisnefndar án þess að minnst á tilvistarvanda hverfisnefnda almennt. Flestum er ljóst að hugmyndin um hverfisnefndir er góð, íbúar fá aukið tækifæri til að tjá sig um þau málefni sem mestu máli skipta í þeirra hverfi og um leið gefst bæjaryfirvöldum kostur á að heyra hvað það er sem helst brennur á íbúum.

Framan af hefur töluverður fjöldi fólks mætt á aðalfundi og skemmst er að minnst á undirskriftalista gegn byggingu stúdentablokka við Síðubúð, þar sem tæplega 800 íbúar mótmæltu. Með öðrum orðum er vart hægt að segja að íbúar láti ekki í sér heyra um þau málefni sem þeim er annt um.

Vandinn liggur á hinum endanum, þ.e. hjá bæjaryfirvöldum. Hversu oft heyrum við bæjarfulltrúa ræða um starfsemi nefndanna? Hversu oft skoða bæjarfulltrúar fundargerðir þeirra? Af hverju er einungis einn af ellefu bæjarfulltrúum mættur á þennan aðalfund hverfisnefndar Síðuhverfis, í fjölmennasta hverfi bæjarins?

Á þeim tveimur árum sem undirritaður hefur starfað sem formaður hverfisnefndar Síðuhverfis hefur enginn bæjarfulltrúi haft samband við nefndina að fyrra bragði til að forvitnast um starfsemi hennar og þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Er ekki augljóst að bæjarfulltrúar hafa lítinn áhuga á starfsemi nefndanna?

Því miður hafa margir það á tilfinningunni að nefndirnar séu með öllu tilgangslaugar, þær vinni ágætt starf en þegar á reyni sé ekki hlustað á þær. Því er betur heima setið en af stað farið.

Þetta endurspeglast m.a. í því að á síðasta aðalfund nefndarinnar mættu einungis fjórir gestir. Það lítur út fyrir að erfitt verði að manna nefndina, þó hefur núverandi nefnd haft allar klær úti, m.a. sett upp auglýsingar í Síðuhverfi, netfangapóstur hefur verið sendur á starfsmenn Síðuskóla og víðar svo fátt eitt sé nefnt. Nefndarmenn hafa sjálfir reynt sitt til að fá fólk í nefndina, viðkvæðið er oftast það sama, til hvers?

Akureyrarbær þarf að styðja betur við starfsemi nefndanna, bæði fjárhagslega og eins framkvæmdalega, eigi þær að eiga framtíð fyrir sér. Akureyrarbær og hverfisnefndir geta í sameiningu staðið fyrir ýmsum málþingum og uppákomum í hverfinu, en um slíkt hefur vart verið að ræða hingað til. Það virðist stundum sem svo að hverfisnefndir og bæjaryfirvöld sé á sitt hvorum endanum þegar reyndin ætti að vera önnur. Öll höfum við hug á að bæta bæinn, bæði bæjaryfirvöld og íbúar, m.ö.o. höfum við sömu markmið.

Nefndunum er sniðinn þröngur stakkur fjárhagslega séð, og dugar heimildin einungis til prentunar á einu fréttabréfi auk auglýsinga í dagskrá fyrir aðalfund svo dæmi sé tekið. Með auknu fjármagni geta nefndirnar verið sýnilegri og um leið náð betur til íbúa.

Bæjarstjóri hefur tjáð mér að framundan sé skoðun á hlutverki og tilgangi hverfisnefnda og er það vel. Vonandi verður hægt að breyta umgjörð nefndanna á þann hátt að þátttaka í þeim verði eftirsóknarverð, en til þess þarf hlutverk þeirra og staða innan bæjarkerfisins að breytast.

Ég vil að lokum þakka nefndarmönnum fyrir samstarfið í vetur sem hefur verið afar ánægjulegt og um leið óska nýrri stjórn góðs gengis.

Arne Vagn Olsen

Formaður hverfisnefndar Síðuhverfis